

Kæra foreldri/forráðamaður.

Leikskólinn notar kannakerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf leikskólans. Liður í því er að spyrja foreldra í leikskólanum um viðhorf til **daglegs leikskólastarfs, námsumhverfis, samskipta leikskólans við foreldra og upphafs og loka leikskólagöngunnar.**

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun leikskólans. Könnunin er lögð fyrir foreldra allra barna í leikskólanum. Búnir eru til þátttökukóðar úr lista sem leikskólinn sendir inn í kerfið í febrúar. Þátttökukóðarnir eru svo sendir til foreldra í tölvupósti. Í þeim tilfellum þar sem tvö tölvupóstföng eru send inn til Skólapúlsins vegna barns er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans er sendur á sitt hvort tölvupóstfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum.

Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og aðstæðum barna á landsvísu.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörun hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörun.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar (https:)** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörun um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalsspurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á [www.visar.is](http://www.visar.is) undir *Persónuverndarstefna*.

*Visar rannsóknir*, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á [www.visar.is](http://www.visar.is). Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á [personuvernd@visar.is](mailto:personuvernd@visar.is).

Ef þú er mótfallin því að eiga möguleika á að svara könnuninni, hafðu þá samband við skrifstofu leikskólans. Nánari upplýsingar um könnunina eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í Skólapúlsinn í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).